

Til Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 137/208
komudagur 16.6.2009

38. mál

Athugasemdir við frumvörp um umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Að með grundvallarhagsmunum í aðildarviðræðum verði að Ísland verði herlaust og óbundið af hvers kyns kvöðum um vígbúnað, hervæðingu og hernað um aldur og ævi.
2. Að með grundvallarhagsmunum í aðildarviðræðum komi fram að við hugsanlega úrsögn Íslands úr Evrópusambandinu taki á ný gildi fyrri samningar um frjálsa verslun með vörur og þjónustu.
3. Að með grundvallarhagsmunum í aðildarviðræðum komi fram að íslenska verði eitt mála opinbert tungumál á Íslandi. Engar kröfur verði gerðar um annað af hálfu Evrópusambandsins á neinu sviði.

Með athugasemdum þessum fylgir grein eftir undirritaðan sem birtist í Fréttablaðinu 13. júní 2009 og fjallar um hervæðingu Evrópusambandsins. Viðbrögð hafa verið mikil og sterk, bæði með netpósti, símskeytum og símtölum. Af þeim dreg ég þá ályktun að stefni í borgarastyrjöld. Farsælast tel ég að mál þetta allt falli niður.

Haraldur Ólafsson

Hávallagötu 48

Reykjavík

Vilja Íslendingar verða þegar í herveldi gömlu evrópsku nýlenduvelðanna?

Í hinni ákøfu Evrópumræðu síðustu missera er mest rætt um peninga. Meintur ávinningur af innlimun Íslands í Evrópusambandið er sagður felast í trausti eða hliðstæðum hughrifum hjá þeim sem fara með peninga og líkist sá málflutningur helst trúboði. Lítið fer fyrir samantekt kostnaðarliða, sem þó eru ólíkt skýrari og ekki smáir. Fleira í þessu samhengi er lítt rætt og þar má nefna vígvæðingu og hernað.

Evrópusambandið hefur á undanförunum árum lagt æ ríkari áherslu á mikilvægi þess að auka vígbúnað og hernaðarskuldbindingar aðildarríkjanna. Saga þess máls verður ekki rakin hér í smáatriðum, en stórt skref var stigið með samningu Lissabonsáttmálans sem lagður var fram í árslok 2007 og samþykktur hefur verið af nærri öllum aðildarríkjum sambandsins. Lissabonsáttmálann má líta á sem stjórnarskrárigildi. Hann er líklega besta heimildin um vígbúnaðar- og hernaðarstefnu sambandsins og ólíkt betri heimild en íslenskir Evróputrúboðar sem sumir hverjir hika ekki við að segja ósatt um hermál Evrópusambandsins, hvort sem það er af þekkingarleysi eða öðrum ástæðum. Lissabonsáttmálinn er líka heimild um fyrirhugaða framtíðarstöðu íbúa sambandsins. Í inngangi sáttmálans er nefnilega tekið fram að aðildarríki sambandsins séu ákveðin í að gera þjóðir sínar að þegnum í Evrópusambandinu.

Í Lissabonsáttmálanum er farið mörgum orðum um sameiginlega utanríkisstefnu og hnykkt er á að hernaður (sem í enskri útgáfu er jafnan nefnt *defence* en hefd er fyrir að nefna hernað á íslensku) sé þar innifalinn. Í 42. grein sáttmálans segir að sameiginleg öryggis- og hernaðarstefna skuli vera framsækin. Stefnt sé að sameiginlegum her þegar Æðsta ráðið (e. *European Council*) samþykkir slíkt samhljóða. Í sömu grein er fjallað skýrt um skuldbindingar aðildarríkja. Þar segir: "Aðildarríki skulu með hernaði og öðrum aðgerðum (e. *civilian*) framfylgja sameiginlegri öryggis- og hernaðarstefnu og ákvörðunum Ráðsins (e. *the Council*) þar að lútandi." Lesendur ættu að staldra við þessa málsgrein, því í henni felst mjög ákveðin skuldbinding sem er algerlega á skjön við íslenskt samfélag. Síðar í sömu grein er hnykkt á vígbúnaðarskyldunni með orðunum "Aðildarríki skulu vígbúast af kappi" (e. *Member states shall undertake progressively to improve their military capabilities*) og fjallað með mörgum orðum um að hermálaþjónusta Evrópusambandsins sé til ráðgjafar við vígvæðingu og styrkingu og þróun á hergagnaiðnaði.

Víða annars staðar í Lissabonsáttmálanum er fjallað um vígbúnað og hernað. Settir eru fyrirvarar, m.a. um skörun við þátttöku í öðru hernaðarsamstarfi. Eins og ávallt þegar langur texti með ýmis konar tilvísunum á í hlut geta vaknað spurningar um túlkun, en heildarsýnin er þó deginum ljósari: Evrópusambandið stefnir að því sinna meintum hagsmunum sínum í skjóli þess að vera vel vígvætt hernaðarbandalag. Á því er hnykkt með ályktun Evrópuþingsins þann 19. febrúar 2009 þar sem farið er fram á að sambandið fái 60.000 manna her. Mjór er mikils vísir.

Einhverjum kann að þykja aukin vígvæðing heimsins svo brýnt framfaramál að rétt sé að Íslendingar létti undir við það verkefni. Þeim hinum sömu má benda á að hervæddar þjóðir sem Íslendingar bera sig gjarnan við í öðrum málum leggja flestar um 2% af þjóðarframleiðslu í fallstykki, púður og það sem með fylgir. Sumar þjóðir eru örlátari þegar kemur að þessum útgjaldalið. Þar má nefna Tyrki sem knýja fast á dyr Evrópusambandsins og sjá ekki eftir rúmum 5% af andvirði þjóðarframleiðslunnar í vígbúnað. Fyrir Íslendinga mundi lægra hlutfallið sem hér er nefnt samsvara nærri þremur tugum milljarða á ári. Rétt væri að Evróputrúboðar segðu hvar þeir hyggest sækja það fé.

Því verður ekki trúað að óreyndu að íslenskir stjórnámálmenn sem hingað til hafa efast um ágæti hervæðingar, þar á meðal þær ágætu konur sem hófu feril sinn í framboði sem var eindregið andvígt hernaðarbandalögum, skipi sér í fararbrodd fyrir innlimun Íslands í verðandi herveldi. Eðlilegt er að gera þá kröfu að öll samtök sem mótað hafa stefnu sína gagnvart innlimun Íslands í Evrópusambandið áður en Lissabonsáttmálinn kom til skjalanna endurskoði þá stefnu. Sér í lagi hlýtur íslensk verkalyðshreyfing að hafna því að félagar hennar og afkomendur þeirra verði gerðir að þegnum í verðandi herveldi gömlu evrópsku nýlenduvelldanna.

Undirfyrirsögn:

Því verður ekki trúað að óreyndu að verkalyðshreyfingin og þeir stjórnámálmenn sem hingað til hafa efast um ágæti hervæðingar fari í fararbroddi þeirra sem vilja gera Íslendinga að þegnum í herveldi Evrópusambandsins.

Haraldur Ólafsson

Mynd á <http://andvari.vedur.is/~haraldur/>

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands og hefur haft forgöngu um stofnun sprotafyrirtækja